

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal x — x. mál.

Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022 – 2025.

Þessi umsögn hefur verið tekin saman af stjórn Trans vina sem eru hagsmunasamtök trans barna og ungmenna. Stjórn Trans vina vilja færa þakki til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra fyrir að ætla þessum málaflokk heildstæða nálgun og stefnumótun.

- 7. grein um líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum mætti taka fyrir, jafnvel á þessu ári og grípa fyrir inn í aðstæður til verndar börnum og ungmennum. Það mætti kanna líðan barna niðri í 4. bekk þar sem sum börn koma út í leikskóla. Fordómarnir koma oft seinna fram í samskiptum við samnemendur og vanlíðan getur haft vond áhrif ef kerfið er ekki verndandi og samþykkir ekki tilfinningar barna og ungmenna.
- 8. grein um hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Þessi börn verða líka fyrir ofbeldi heima fyrir og eru ekki undanskilin þeirri áskorun að fordómar geti verið til staðar heima fyrir. Brotin sjálfsmynd og líkamsímynd barna og ungmenna er erfitt að laga eftir andlegt niðurbrot.
- 11. grein sem fjallar um aðgengi trans fólks á vinnustöðum, sundstöðum og íþróttamannvirkjum þarf að taka fyrir áður en krafan í 6. grein tekur gildi. Fyrst þarf að tryggja gott aðgengi svo hægt sé að bæta þátttöku í íþróttum og félagsstarfi. Sér búningasklefar sem eru ekki ætlaðir öðrum hópi fólks eins og fötluðum og almenn salernisaðstaða, mega vera skipt í sitjandi eða standandi salerni. Tilfinningaleg og líkamleg berskjöldun þessa hóps birtist hvað mest í þessum aðstæðum.
- 14. grein fjallar um fjölbreytileika á vinnumarkaði. Þessari könnun mætti flýta um 1 ½ ár eða hefjast handa haustið 2022.
- 16. grein fjallar um verklagsreglur trans teyma BUGL og LSH. Markmiðið með aðgerðinni er að settar verði verklagsreglur sem byggja á nýjustu rannsóknum í málaflokknum. Við hvetjum starfsfólk þessa stofnana að afla sér einnig fræðslu hjá Samtökunum 78 þar sem þau eru viljug og tilbúin að veita ráðgjöf.
- 17. grein fjallar um utanríkisstefnu Íslands með áherslu á réttindi hinsegin fólks. Taka þarf tillit til þeirra flóttamanna sem koma til landsins sem upplifa sig ekki örugg í heimalandi sínu og veita þeim vernd.

Mikilvægt er að hafa samræmi í ferlinu hjá trans börnum og ungmennum. Að kerfið fylgi þeim frá fyrstu tíð þar til þau útskrifast af Bugl og fara yfir í fullorðins teymi LSH. Að kerfið sé tilbúið að taka við þeim og veita þeim þá þjónustu sem þau hafa óskað eftir. Fagaðilar LSH teymis er geðlæknir, sálfræðingur, talmeinafræðingur, innkirtla-, lýta-, kvensjúkdóma-, þvagfæraskurð- eða háls-, nef- og eyrnalækna. Allir þessir aðilar eiga að vera upplýstir um stöðu skjólstæðinga sem eru búnir að vera í kerfinu í mörg ár og ættu sjálfkrafa að komast á lista í framhalds aðgerðir og aðra þjónustu, en ekki að byrja á byrjunarreit.